

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020.

Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. 151. Lögjafarþing 2020-2021. Þingskjal x - x. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna draga að frumvarpi til laga um um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Félagið fagnar áformum um að setja á fót stofnun sem hefur það hlutverk að tryggja að þjónusta þeirra stofnana sem lúta eftirliti stofnunarinnar sé traust, örugg og í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er ætlað stórt hlutverk og virðist gengið út frá nánú samstarfi stofnunarinnar við aðra stjórnvöldstofnun sem áform eru um að stofna, þ.e. *Barna- og fjölskyldustofnu*. Hvernig til tekst mun velja á því hvernig gengur að manna stofnunina reynslumiklu fagfólki með þverfaglega menntun.

Í frumvarpsdrögum er getið um breytingar á öðrum lögum, s.s. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Vert er að benda á að liður 7. í 25. gr. eru lagðar til breytingar á 84. gr. barnaverndarlaga sem virðast ekki ná markmiðum sínum. Um er að ræða grein þar sem gert er ráð fyrir að barnaverndarnefndir sækji um leyfi Barnaverndarstofu til að reka *Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk* hér er um að ræða eitt algengasta vistunarúrræði barnaverndarnefnda þar sem leitað er til ættingja barna, jafnvel forsjárlaus foreldris um að annast barn í allt að 3 mánuði. Þetta ákvæði þarfnast nánari skoðunar, s.s. að aðskilja leyfi vegna vistana barna hjá nákomnum og leyfi til að starfrækja einkaheimili, vistheimili eða önnur heimili sem taka á móti börnum. Þá hlýtur ákvæðið einungis að eiga við um einkaaðila því skv. öðrum ákvæðum í frumvarðinu virðast stjórnvöld ekki þurfa að sækja um leyfi til Gæða- og eftirlitsstofnunar, einungis einkaaðilar.

Athygli vekur að í drögum að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun er ekki getið um hlutverk stofnunarinnar hvað varðar fósturmál en um það er fjallað í drögum að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofnu. Í ljósi þess að Gæða- og eftirlitsstofnun er ætlað hlutverk í fósturmálum bendir Félagsráðgjafafélag Íslands á að Barnaverndarstofa hefur frá árinu 2004 stuðst við námsefnið PRIDE model of practice við hæfnismat og fræðslu til umsækjenda um leyfi sem fósturforeldrar. PRIDE er þróað í Bandaríkjunum norður Ameríku og Hollandi og hefur verið innleitt víða í Evrópu sjá slóðina <https://www.fosterpride.eu/home.html>. Noregur hefur verið í fararbroddi þegar litið er til Norðurlandanna en öllum sem hafa hug á að gerast fósturforeldrar er skylt að sækja PRIDE námskeið, sjá slóðina https://bufdir.no/fosterhjem/Hvordan_bli_fosterhjem/Delta_pa_kurs/. Það mun vera farsælla að byggja á þeim grunni sem Barnaverndarstofa hefur lagt í þróun fósturmála á Íslandi og efla PRIDE hugmyndafræðina til að styðja við fósturráðstafanir hér á landi frekar en að gera leyfisveitinguna að sérstöku viðfangsefni. Fósturráðstafanir eru ítrasta úrræði

barnaverndar og því mikilvægt að vanda til verka á öllum sviðum, allt frá hæfnismatinu yfir í ráðstöfun barns á fósturheimili. Það er ekki farsællt að skipta þessu ferli á milli stofnana.

Fóstur barns er vandasamt verkefni og og felur í sér að byggja upp tengsl sem ætlað er að vara út lífið hvort sem barnið snýr aftur til upprunafjölskyldu eða dvelur hjá fósturfjölskyldu til 18 ára aldurs. Huga þarf að því að byggja upp öfluga fósturdeild innan Barna- og fjölskyldustofu þar sem fram fer hæfnismat, stuðningur og fræðsla auk öflunar og viðhalds þekkingar á fósturmálum. Þetta er ekki verkefni sem getur verið hornreka á tveimur stofnunum. Þá þarf að rýna í 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og útfæra breytingar með hliðsjón af hagsmunum haghafa.

Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagaráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður